

**Nd.**

**651. Þingsályktun**

um fyrirkomulag hrossasölu innanlands.

(Afgreidd frá Nd. 18. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina:

1. Að beitast fyrir því, í samráði við Búnaðarfélag Íslands, að stofnuð verði hrossasölufjelög í hrossahjeruðum landsins.
2. Að stjórnin ráði að eins markaðshaldara, en hrossasölufjelögin sjái um aðra aðstoð við markaðshald, rekstur og gæslu á hrossunum til útlutningsstaðar.
3. Meðan hrossasölufjelög komast ekki á fót, sje sýslunefndum falið að kjósa framkvæmdarstjórn, sem annast það, sem hrossasölufjelögin eiga að framkvæma.
4. Að hrossum af Norðurlandi sje skipað út nyrðra, t. d. á Borðeyri.
5. Andvirði hrossanna greiðist, að svo miklu leyti sem fært þykir, í banka-ávisun (tjekk).